

Nd.

774. Nefndarálit

[251. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, um breyting á þeim lögum.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Alþingi hefur í dag samþykkt svohljóðandi tillögu til þingsályktunar um iðngarða, sem Eggert Haukdal og Guðmundur Karlsson fluttu í upphafi þessa þings: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um byggingu iðnaðarhúsnæðis með samstarfi einstaklinga, félagasamtaka og sveitarstjórna og með stuðningi ríkisins. Hafa skal samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð, Byggðasjóð, Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna. Könnun þessari og undirbúningi skal hraðað svo sem unnt er.“

Hugmyndin um iðngarða hefur verið til umræðu nokkur undanfarin ár og var meðal annars rædd víða á iðnkynningarári. Hér er um þjóðþrifamál að ræða, og þarf vel að vanda allan undirbúning, eins og gert er ráð fyrir í þeirri þingsályktun, sem Alþingi hefur nú afgreitt.

Sú tillaga, sem hér liggur fyrir í frv. um að stofna í Iðnlánasjóði sérstaka lána-deild iðngarða, getur vel komið til greina sem einn af mörgum þáttum. En frumvarpið hefur ekki hlotið nauðsynlegan undirbúning, — ekki hefur verið haft það samráð við aðila málsins, sem þurft hefði að vera. Með frumvarpinu er ekki aflað neins nýs fjár í þessu skyni, heldur ákveðið að taka 250 milljónir í 4 ár, alls einn milljarð króna, af almennu ráðstöfunarfé Iðnlánasjóðs og rýra þannig útlánagetu hans.

Við teljum eðlilegt að hafa þann hátt á um undirbúning iðngarða, sem Alþingi hefur þegar samþykkt, og ætti að mega, ef vel er unnið, að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um iðngarða, að loknum vandlegum undirbúningi í samráði við samtök iðnaðarins, Samband íslenskra sveitarfélaga og þær lánastofnanir, sem hlut eiga að máli.

Við leggjum því til, að frumvarpið verði nú afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem Alþingi hefur þegar samþykkt þingsályktun um að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um iðngarða í samráði við ýmsa aðila og í trausti þess, að frumvarp til slíkrar löggjafar verði lagt fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 15. maí 1979.

Gunnar Thoroddsen, Jósef H. Þorgeirsson.  
frsm.